

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2017

2019/EES/40/27

frá 7. júlí 2017

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 frá 12. júlí 2016 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauka við EES-samninginn verður því breytt í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5ep (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/65/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5ep. **32016 D 1250**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 frá 12. júlí 2016 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins (Stjúd. ESB L 207, 1.8.2016, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 207, 1.8.2016, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

vegna ákvörðunar nr. 144/2017 sem fellir inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins

Með framkvæmdarákvörðun (EBS) 2016/1250 er kveðið á um, hvað varðar vinnslu starfsmannaupplýsinga sem teknar eru saman í tengslum við ráðningarsamband, eða þegar viðkomandi fyrirtæki hefur að eigin frumkvæði gengist undir eftirlit persónuverndaryfirvalda, að fyrirtæki vottuð samkvæmt friðhelgisamkomulagi ESB og Bandaríkjanna verði að fylgja ráðum evrópskra persónuverndaryfirvalda. Þessi ráðgjöf verður veitt fyrir milligöngu óformlegrar nefndar persónuverndaryfirvalda, sem komið er á fót á vettvangi Sambandsins af hálfu persónuverndaryfirvaldanna á grundvelli umboðs þeirra til að skipuleggja vinnu sína og eiga samstarf sín á milli.

Að því er varðar mál sem falla undir valdsvið umboðsmanns friðhelgisamkomulagsins, munu einstakar kvartanir og frekari samskipti fara í gegnum miðlæga kvörtunarþjónustu í Evrópusambandinu sem verður skipuð persónuverndaryfirvöldum Sambandsins.

Er það skilningur samningsaðila að þátttaka persónuverndaryfirvalda í slíkum stofnunum sé nauðsynleg með tilliti til heimilda viðkomandi yfirvalda til þess að fjalla um kvartanir sem aðilar hafa lagt fram og varða vernd réttinda þeirra og frelsis, að því er viðvíkur vinnslu persónuupplýsinga, og til beitingar þeirra rannsóknarheimilda og heimilda til íhlutunar sem þeim er veitt með tilskipun 95/46/EB.

Tilskipun 95/46/EB hefur verið felld inn í EES-samninginn og því ber EFTA-ríkjunum skylda til þess að tryggja að persónuverndaryfirvöld þeirra nýti eftirlitsheimildir sínar að fullu, m.a. að því er varðar flutning persónuupplýsinga til þriðju landa. Er það skilningur samningsaðilanna að persónuverndaryfirvöld EFTA-ríkjanna eigi að geta tekið þátt í óformlegri nefnd persónuverndaryfirvalda og kvörtunarþjónustu ESB sem um getur í friðhelgissamkomulagi ESB og Bandaríkjanna svo tryggja megi samleitni eftirlitsaðferða og samræmda vernd réttinda og frelsis einstaklinga á EES-svæðinu.

Samkvæmt skilmálum framkvæmdarákvörðunar (EBS) 2016/1250 munu skráðir aðilar í Evrópusambandinu hafa aðgang að málskotsleið með endanlegri úrlausn, gerðardóm friðhelgissamkomulagsins, að því er varðar eftirstæðar kröfur sem ekki hefur verið leyst úr með samráði við viðkomandi fyrirtæki eða fyrir tilstilli persónuverndarstofnunar viðkomandi eða viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna. Gerðardómur verður skipaður gerðardómurum sem aðilarnir velja af lista sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna setja saman.

Er það skilningur samningsaðilanna að framkvæmdastjórnin muni hafa samráð við EFTA-ríkin varðandi samsetningu listans yfir gerðardómara og taka tillit til afstöðu EFTA-ríkjanna, áður en viðkomandi gerðardómarar eru tilnefndir.